

Sendandi: Félag sjúkraþjálfara

Dags: 4. desember 2014

Númer máls: Þingskjal 39 - 39. mál 144. löggjafarþing 2014–2015.

Heiti: Tillaga til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins.

Umsögn:

Félag sjúkraþjálfara fagnar framkominni þingsályktunartillögu um langtíma framkvæmdaráætlun í heilbrigðiskerfinu. Sjúkraþjálfarar hafa um áratugaskeið talað fyrir forvörnum og endurhæfingu, oft fyrir frekar daufum eyrum. Sparnaður af vönduðum forvörnum og öflugri endurhæfingu er nefnilega oft lengur en 4 ár að koma fram í exel-skjölum.

Í þingsályktunartillögunni eru nokkur atriði þar sem Félag sjúkraþjálfara telur rétt að ákveðin sjónarmið félagsins komi fram.

1. Nýgengi aldraðra mun meira en tvöfaldast á næstu 15 árum, úr u.þ.b. 2.000 á ári í 4.000.

Afar stór hópur skjólstæðingar sjúkraþjálfara eru aldraðir/ellilífeyrisþegar. Fjölgun þeirra kemur m.a. fram í staðtölum Sjúkratrygginga Íslands (SÍ). Í samningum sjúkraþjálfara við SÍ undanfarin ár hefur fjármagn til sjúkraþjálfunar verið dregið verulega saman, þrátt fyrir að sífellt auknum fjöldi sé beint til sjúkraþjálfara, og þrengt að rétti aldraðra (sem og annarra) til sjúkraþjálfunar (þá er átt við hámarksfjölda meðferðaskipta með greiðsluþátttöku SÍ og aukinni greiðsluþátttöku skjólstæðinga). Þarna þarf að huga verulega vel að málum og gera SÍ kleift að semja um aukna þjónustu sjúkraþjálfara gegn sanngjörnu verði.

2. Ganga verður skipulega til þess verks að efla heimahjúkrun og heimþjónustu.

Þjónusta heimsjúkraþjálfara er afar mikilvæg og oft forsenda þess að fólk geti útskrifast af sjúkrahúsum og/eða dvalið heima. Þjálfun til sjálfbjargar er því afar mikilvæg og rétt í þessu samhengi að benda á nýtt tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar „Sem lengst við stjórnvölinn í eigin lífi“. Þarna hefur líka verið verulega þrengt að af hálfu SÍ, sem er í andstöðu við þá stefnu að efla fólk til sjálfbjargar heima við.

3. Aðstaða þeirra einstaklinga sem bíða eftir hjúkrunarrými er misjöfn...

Líkamleg færni og sjálfbjargargeta skiptir gríðarlega miklu máli á efri árum og því betra formi sem hinn aldraði er í, þeim mun seinna þarf hann á aðstoð að halda. Sjúkraþjálfun er gjarnan lykilþáttur í því að viðhalda þeirri færni sem aldraðir hafa og rétt er að benda á að jafnvel þótt aldraður einstaklingur hafi tapað færni, þá getur sjúkraþjálfun oft gert viðkomandi kleift að þjálfa hana upp að nýju.

4. Mikilvægi þess að vel ígrundaðar og faglegar forsendur séu lagðar til grundvallar uppbyggingu heilbrigðiskerfisins er mikið... Þá er eðlilegt að fagfólk með þekkingu á heilbrigðiskerfinu og rekstri komi að vinnu slíkrar áætlunar.

Af ofanefndu telur Félag sjúkraþjálfara ljóst að mikilvægt sé að þekking sjúkraþjálfara á möguleikum þjálfunar og meðferðar aldraðra verði nýtt til stefnumótunar þessa málaflokks.

5.kemur svo fram sú stefnumörkun að heilsugæslan skuli að jafnaði vera fyrsti viðkomustaður sjúklinga

Í ljósi þessa er rétt að benda á að engir sjúkraþjálfarar starfa innana heilsugæslu landsins (að undanskildum hreyfistjórum Hreyfiseðils, sem er nýtt og mjög afmarkað starfssvið), en slíkt hefur þó verið á dagskrá frá árinu 1990. Sjúkraþjálfarar, ásamt fleiri starfstéttum, ættu þó klárlega að vera til staðar á skilgreindum fyrsta viðkomustað fólks sem leitar til heilbrigðiskerfisins.

Félag sjúkraþjálfara lýsir sig reiðubúið til að koma að stefnumörkun og framkvæmdaráætlun til uppbyggingar heilbrigðisþjónustu landsmanna.

Fh stjórnar Félags sjúkraþjálfara

Unnur Pétursdóttir

Formaður